

---

## Minnisblað viðbót

Dagsetning: 30. nóvember 2020

Höfundur: Þórólfur Guðnason sóttvarnalæknir

Viðtakandi: Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra

Málsnúmer/skjalalýkill: 2010085

### **Efni: Viðbót við minnisblað sóttvarnalæknis varðandi endurskoðaðar tillögur að opinberum sóttvarnaaðgerðum innanlands vegna COVID-19 frá og með 2. desember 2020.**

---

Þann 29. nóvember 2020 sendi ég endurskoðaðar tillögur mínar að opinberum sóttvarnaaðgerðum vegna COVID-19 sem eiga að taka gildi þ. 2. desember nk.

Í tillögunum rakti ég aðdraganda og forsendur fyrir mínum tillögum en í þessu minnisblaði vil ég bæta við nokkrum atriðum sem geta haft þýðingu fyrir endanlega útfærslu reglugerðarinnar.

Við rakningu á 91 tilfelli sem greindust á tímabilinu 20. til og með 27. nóvember þá kemur í ljós að 93% þeirra greindust á höfuðborgarsvæðinu, 3% á Norðurlandi, 2% á Vestfjörðum og 1% á Suðurnesjum. Öll smitin samanstanda af þremur stofnum veirunnar sem borið hafa uppi faraldurinn sem hér hefur geisað undanfarnar vikur og sum smitin má rekja beint til höfuðborgarsvæðisins. Í yfir 90% greindra tilfella á tímabilinu þá má jafnframt rekja smitin til nokkurra hópamyndana innan fjölskyldna, í fyrirtækjum og milli ótengdra aðila.

Daglegur fjöldi þeirra sem hefur verið að greinast undanfarið hefur verið nokkuð stöðugur. Þetta þýðir að faraldurinn virðist nú vera í línulegum vexti og er það stutt af útreikningum vísindamanna við Háskóla Íslands sem hafa reiknað að smitstuðull faraldursins (R stuðull) er nú um 1-1,5.

Í ljósi þess að mjög fá smit eru nú að greinast utan höfuðborgarsvæðisins þá kæmi til álita að mínu mati að beita minna takmarkandi aðgerðir á þeim svæðum. Hins vegar er rétt að benda á að fyrir nokkrum vikum var einmitt minna íþyngjandi aðgerðum beitt utan höfuðborgarsvæðisins en fljótlega komu upp stórar hópsýkingar í kjölfarið einkum á Norðurlandi.